

## Flokkun fjárlagaliða eftir þjónustuleiðum FJS

Fjárlagaliðir í fjárlögum ríkisins eru breytilegir í eðli sínu og þjóna ólíkum þörfum, stofnanir, tilfærsluliðir, fjárheimildaliðir ofl. Fjárlagaliðir eru hér flokkaðir og skilgreindir gróflega eftir eðli þeirra og þjónustuleiðum sem Fjársýsla ríkisins veitir þeim.

Flokkun þessi á að gefa heildarmynd og vísbendingar um umfang og ná fram og sýna breytilegar þjónustuleiðir Fjársýslunnar.

Flokkunin er byggð upp skv. kvótum, bókstöfum sem eiga að vera lýsandi fyrir ákveðna verkferla eða þjónustuleið sem viðkomandi fjárlagaliður fellur undir. Til að byrja með verður þessi flokkun sett inn í sérstaka töflu með fjárlagaliðum viðkomandi ársins.

Skilgreining á flokkuninni:

### Aðgreining milli fjárlagaliða sem færa bókhald í Orra og þeirra sem eru utan við:

U = Fjárlagaliður utan Orra

### Aðgreining á milli fjárlagaliða eftir eðli þeirra:

S = Stofnun

F = Fjárheimildaliðir

T = Tilfærsluliðir

K = Keypt þjónusta

A = Aðrir liðir

### Tilhögun bókhalds:

B = Bókhaldsþjónusta FJS

G = Greiðsluþjónusta FJS

L = Launaþjónusta FJS

E = Stofnun með eigið bókhald

Þ = Stofnun í þjónustu annarra en FJS

Lýsing á þjónustu FJS eftir einstökum flokkum, breytilegar þjónustuleiðir.

### **BGL – Liðir S F T K A**

Fjárlagaliðir í bókhalds-, greiðslu- og launaþjónustu hjá FJS. Ógreiddir reikningar eru sendir til FJS til bókkunnar og greiðslu. Skila verður sjóðbókum yfir bankareikninga ásamt fylgiskjölum, ferðareikningum, gögnum vegna sértekna og fleira til FJS sem annast skráningu og skönnun. FJS sér um egr. VSK vegna sérfræðiþjónustu og egr. VSK vegna tölvukostnaðar ásamt afstemmingu bankareikninga, eftirliti með viðskiptareikningum, tegundamerkingum og launaframtali úr fjárhagsbókhaldi. FJS annast VSK-uppgjör og skil á VSK-skýrslum fyrir þá liði sem eru með VSK-skylda veltu. FJS sér um launaframtal og uppgjör vegna greiðslna utan launakerfis. FJS annast yfirferð bókhalds og lokun þess sem lýkur með útgáfu á ársreikningi.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila, lífeyrissjóða, stéttarfélaga, skattfyrvalda ofl. FJS annast útgáfu á launaseðlum til starfsmanna.

FJS sér um alla skráningu á launagögnum, stofna starfsmenn í launakerfi, skrá forsendur fyrir launagreiðslum, yfirvinnu ofl., skráning á óreglulegum launagreiðslum samkvæmt gögnum frá stofnunum. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana.

Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

### **BG – Liðir SA**

Fjárlagaliðir í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá FJS. Ógreiddir reikningar eru sendir til FJS til bókkunnar og greiðslu. Skila verður sjóðbókum yfir bankareikninga ásamt fylgiskjölum, ferðareikningum, gögnum vegna sértekna og fleira til FJS sem annast skráningu og skönnun. FJS sér um egr. VSK vegna sérfræðiþjónustu og egr. VSK vegna tölvukostnaðar ásamt afstemmingu bankareikninga, eftirliti með viðskiptareikningum, tegundamerkingum og launaframtali úr fjárhagsbókhaldi. FJS annast VSK-uppgjör og skil á VSK-skýrslum fyrir þá liði sem eru með VSK-skylda veltu. FJS sér um launaframtal og uppgjör vegna greiðslna utan launakerfis. FJS annast yfirferð bókhalds og lokun þess sem lýkur með útgáfu á ársreikningi.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila. Skil á launaseðlum til starfsmanna og skil á launagögnum til skattýfirvalda. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana.

Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

### **BL- Liðir S**

Stofnun í bókhalds- og launaþjónustu hjá FJS. Stofnunin greiðir sjálf sína reikninga út af eigin bankareikningum. Fær reglulega rekstrarfé frá ríkisféhirði. Fylgiskjöl bókhalds, sjóðbækur, ferðareikningar ofl. eru send til FJS til bókkunnar. Stofnunin sér sjálf um að sækja um egr. á VSK vegna sérfræðiþjónustu en FJS sér um egr. VSK vegna tölvukostnaðar. FJS sér um afstemmingu bankareikninga, yfirferð tegundamerkinga og framtals. FJS sér um útskrift launamiða og launauppgjör úr fjárhagsbókhaldi og sendir stofnuninni til afgreiðslu. FJS annast yfirferð bókhalds og lokun þess sem lýkur með útgáfu á ársreikningi.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila, lífeyrissjóða, stéttarfélagana, skattýfirvalda ofl. FJS annast útgáfu á launaseðlum til starfsmanna.

FJS sér um alla skráningu á launagögnum, stofna starfsmenn í launakerfi, skrá forsendur fyrir launagreiðslum, yfirvinnu ofl., skráning á óreglulegum launagreiðslum samkvæmt gögnum frá stofnunum. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana.

Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

### **B- Liðir S**

Stofnun sem er í bókhaldsþjónustu hjá FJS en annast sjálf sín launamál. Stofnunin greiðir sjálf sína reikninga út af eigin bankareikningum. Fær reglulega rekstrarfé frá ríkisféhirði. Fylgiskjöl bókhalds, sjóðbækur ferðareikningar ofl. eru send til FJS til bókkunnar. Stofnunin sér sjálf um að sækja um egr. á VSK vegna sérfræðiþjónustu en FJS sér um egr. VSK vegna tölvukostnaðar. Afstemming bankareikninga, yfirferð tegundamerkinga og framtals er unnið hjá FJS. FJS sér um útskrift launamiða og launauppgjör úr fjárhagsbókhaldi og sendir stofnuninni til afgreiðslu. FJS annast yfirferð bókhalds og lokun þess sem lýkur með útgáfu á ársreikningi.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila. Skil á launaseðlum til starfsmanna og skil á launagögnum til skattýfirvalda. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana. Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

#### **EL- Liðir S T K A Þ**

Fjárlagaliðir sem sjá sjálfir um eigið bókhald og greiða reikninga út af eigin bankareikningum og eru í launþjónustu hjá FJS. Fá reglulega rekstarfé frá ríkiféhirði. Skráning bókhalds, afstemmingar, skönnun og uppgjör er hjá viðkomandi fjárlagalið eða getur verið í bókhaldsþjónustu hjá öðrum. FJS annast yfirferð bókhalds og lokun þess sem lýkur með útgáfu á ársreikningi.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila, lífeyrissjóða, stéttarfélaga, skattýfirvalda ofl. FJS annast útgáfu á launaseðlum til starfsmanna.

FJS sér um alla skráningu á launagögnum, stofna starfsmenn í launakerfi, skrá forsendur fyrir launagreiðslum, yfirvinnu ofl., skráning á óreglulegum launagreiðslum samkvæmt gögnum frá stofnunum. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana.

Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

#### **E- Liðir S T K A Þ**

Fjárlagaliðir sem annast sjálfir eigið bókhald og greiða reikninga út af eigin bankareikningum. Fá reglulega rekstarfé frá ríkiféhirði. Skráning bókhalds, skönnun, afstemmingar, skönnun og uppgjör er hjá stofnuninni eða getur verið í bókhaldsþjónustu hjá öðrum. FJS annast yfirferð bókhalds og lokun þess sem lýkur með útgáfu á ársreikningi.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila. Skil á launaseðlum til starfsmanna og skil á launagögnum til skattýfirvalda. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana.

Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

#### **UL- Liðir S T K A Þ**

Fjárlagaliðir sem sjá sjálfir um eigið bókhald, greiða reikninga út af eigin bankareikningum og nota annað bókhaldskerfi en Orra. Fá reglulega rekstarfé frá ríkiféhirði. Skráning bókhalds, afstemmingar og uppgjör er hjá stofnuninni. Stofnunin þarf að fylla út sérstakt form með niðurstöðum ársreiknings og senda FJS til innlestrar inn í fjárhagsbókhald ríkisins.

Fjárlagaliðir sem eru með bókhald utan Orra verða að skila mánaðarlega bókhaldsupplýsingum til FJS til uppfærslu inn í bókhaldskerfi ríkisins.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila, lífeyrissjóða, stéttarfélaga, skattýfirvalda ofl. FJS annast útgáfu á launaseðlum til starfsmanna.

FJS sér um alla skráningu á launagögnum, stofna starfsmenn í launakerfum, skrá forsendur fyrir launagreiðslum, yfirvinnu ofl., skráning á óreglulegum launagreiðslum samkvæmt gögnum frá stofnunum. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana.

Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

### **U- Liðir S T K A Þ**

Fjárlagaliðir sem annast sjálfir eigið bókhald, greiða reikninga út af eigin bankareikningum og nota annað bókhaldskerfi en Orra. Fá reglulega rekstarfé frá ríkiféhirði. Skráning bókhalds, skönnun, afstemmingar og uppgjör er hjá viðkomandi fjárlagalið. Stofnunin þarf að fylla út sérstakt form með niðurstöðum ársreiknings og senda FJS til innlestrar inn í fjárhagsbókhald ríkisins.

Fjárlagaliðir sem eru með bókhald utan Orra verða að skila mánaðarlega bókhaldsupplýsingum til FJS til uppfærslu inn í bókhaldskerfi ríkisins.

FJS sér um allar launavinnslur og útborgun launa og gerir þær breytingar sem þarf samkvæmt miðlægum kjarasamningum og sér um vinnslu á uppbótum samkvæmt þeim. Skil á launatengdum gjöldum og frádrætti af launum til viðeigandi aðila. Skil á launaseðlum til starfsmanna og skil á launagögnum til skattfyrvalda. Gerðar eru leiðréttingar og breytingar á launum starfsmanna samkvæmt beiðnum stofnana.

Fjárlagaliðum er veittur stuðningur og öll þjónusta þegar leitað er eftir því.

-----\*\*\*\*\*-----

Samkvæmt ofangreindum skilgreiningum hefur fjárlagaliðum verið flokkað og samandregin niðurstaða birtist í neðangreindri töflu.

### **Árið 2013**

	Fjöldi liða	Fjárlagaliðir					Launþj.
		S	F	T	K	A	L
Fjárlagaliðir með eigið bókhald	90	87	-	-	-	3	8
Fjárlagaliðir í þjónustu annarra en FJS	59	3	-	10	44	2	2
Fjárlagaliðir í bókhaldsþjónustu FJS	6	5	-	1	-	-	3
Fjárlagaliðir í greiðslu- og bókhaldsþjónustu FJS	252	86	11	66	31	58	49
Fjárlagaliðir í Orra alls	407	181	11	77	75	63	62
Fjárlagaliðir utan Orra með eigið bókhald	11	10	-	1	-	-	1
Fjárlagaliðir utan Orra í þjónustu annarra en FJS.	20	6	-	8	-	7	1
Fjárlagaliðir utan Orra alls	31	16	-	9	-	7	2
<b>Fjárlagaliðir alls</b>	<b>438</b>	<b>197</b>	<b>11</b>	<b>86</b>	<b>75</b>	<b>70</b>	<b>64</b>